

- 4
8. jan. Gjalddagar á ljósgjöldum sjeu tveir á ári, 15. maí og 31. desember og ber húsráðandi ábyrgð á, að gjaldið sje greitt í tæka tíð. Öll gjöld til rafmagnsstöðvarinnar má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júlí 1923, til að öðlast gildi 1. febrúar þ. á., og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Vík í Mýrdal frá 4. jan. 1919, og breyting á þeirri gjaldskrá frá 30. okt. 1920.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. jan. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson

- 5
29. jan. STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Framfarasjóð Ög-
urhrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála-
ráðherra 29. janúar 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Framfarasjóð Ögurhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður Ögurhrepps.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Kristján bóndi Einarsson á Hjöllum í Ögurhreppi. Stofnfje hans er kr. 400.00 — fjögur hundruð krónur — og eru það árgjöld stofnandans frá því árið 1921. Auk þess lofar stofnandinn að gefa sjóðnum 100 krónur árlega, meðan ástæður hans og efni leyfa.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hverskonar búnaðarframfarir og búnaðarframkvæmdir í Ögurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, eða innan núverandi takmarka hreppsins.

4. gr.

5

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheimum þeirra manna og stofnana, 29. jan. sem efla vilja vöxt hans og styðja tilgang hans, eins og honum er lýst að ofan.

5. gr.

Sjóðurinn er í umsjá hreppsnefndar Ögurhrepps og skulu reikningar hans endurskoðaðir af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu. Hreppsnefndin heldur sjerstaka gjörðabók fyrir sjóðinn.

Hreppsnefndin ákveður hverjum veittir eru styrkir eða verðlaun af útborgunarskyldum tekjum sjóðsins. Að jafnaði skal ekki veita einstökum mönnum styrk oftar en þriðja hvert ár. Styrkþegar skulu vera meðlimir Búnaðarfelags Ögurhrepps, eða þess fjelagsskapar, er hefir sama tilgang. Samlagsfyrirtækjum hreppsúa, er vinna að búnaðarframkvæmdum, má og veita styrk.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta þangað til hann er orðinn 10000 krónur og fái hann í eitt skifti, frá einum manni eða einni stofnun 10000 króna tillag, þá skal hann ávaxtast þartil hann er að upphæð 20000 krónur, eftir þann tíma má verja helming ársteknanna til útborgunar þangað til hann er orðinn 20000 krónur, eða í síðara tilfallinu 30000 krónur, þar eftir má verja $\frac{3}{4}$ ársteknanna til útborgunar þartil hann er orðinn 50000 krónur, eftir það má verja $\frac{9}{10}$ hlutum ársteknanna til útborgunar.

Sá hluti ársteknanna sem ekki er útborgunarskyldur legst við höfuðstólinn. Þau ár, sem útborgunarskyldur hluti ársteknanna ekki er notaður legst hann og við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggann hátt, t. d. í bönkum og sparisjóðum; þó má veita mönnum búsettum í Ögurhreppi lán til jarðræktar á innanhrepps jörðum, en þá aðeins gegn fulltryggu jarðarveði.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta þá er sjóðurinn er orðinn 50000 krónur, en þó ekki svo, að aðaltilgangur sjóðstofnunarinnar raskist.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Hjöllum, N.-Ísafjarðarsýslu 26. september 1925

Kristján Einarsson